

Ed.

902. Frumvarp til laga

[123. mál]

um Húsnæðisstofnun ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd., 14. maí.)

Samhljóða þskj. 765 með þessum breytingum:

33. gr. hljóðar svo:

Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að annast lánveitingar til félagslegra íbúðabygginga með það að markmiði að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks.

Félagslegar íbúðir teljast skv. lögum þessum:

- Íbúðir í verkamannabústöðum sem byggðar eru eða keyptar á vegum stjórnar verkamannabústaða og ætlaðar eru til sölu handa láglaunafólki sem fullnægir skilyrðum þeim sem sett eru í þessum kafla laganna.
- Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum handa láglaunafólki eða öðrum þeim sem þarfnast af félagslegum ástæðum aðstoðar við húsnæðisöflun.
- Leiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða af félagssamtökum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja.

43. gr. hljóðar svo:

Jafnframt veitingu framkvæmdaheimildar gerir Húsnæðisstofnunin framkvæmdalánssamning við hlutaðeigandi stjórn verkamannabústaða. Heimilt er að greiða á byggingartímanum allt að 95% af áætlaðri lánsfjárhæð samkvæmt 49. gr. Miða skal við að lánið komi til greiðslu í samræmi við verkstöðu á hverjum tíma skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er þó að greiða út lánsfé umfram verkstöðu þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna fyrirframgreiðslu við gerð stórra verksamninga og efniskaupa, enda komi þá til fullnægjandi trygging að mati húsnæðismálastjórnar fyrir því lánsfé sem er umfram verkstöðu. Að öðru leyti skulu framkvæmdirnar sjálfar standa til tryggingar framkvæmdaláni.

Framkvæmdalán skulu veitt með sömu kjörum og lán skv. 57. gr. Verðbætur teljast til byggingarkostnaðar.

47. gr. hljóðar svo:

Þegar íbúð er fullgerð skal stjórn verkamannabústaða gera upp byggingarkostnað en Húsnæðisstofnun staðfesta með úttekt sinni. Stjórn verkamannabústaða fær síðan kaupanda í hendur skriflegt afsal fyrir íbúðinni enda hafi kaupandi undirritað veðskuldabréf til Byggingarsjóðs verkamanna og staðið í skilum með útborgun og aðrar greiðslur sem honum ber að inna af hendi.

Í afsali skal taka fram að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma. Enn fremur skal í afsali kveða á um skyldu íbúðareiganda til þátttöku í húsfélagi með öðrum íbúðareigendum í sambýlishúsinu sem annist sameiginleg verkefni.

Eigi skal greiða stimpilgjald af afsölum fyrir verkamannabústöðum, en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.